

Nd. **302. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Stefán Stefánsson, Jón Pálmason, Halldór Ásgrímsson,
Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Aftan við lögina komi:

IX. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan húsrými Menntaskólans á Akureyri leyfir, að dómi skólastjórnar, skal skólinn starfa áfram með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku þessara laga, að því viðbættu, að landspróf gildir til upptöku í þriðja bekk skólans.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum frá 1946 voru gerðar miklar og margháttaðar breytingar á fræðslukerfi landsins. Voru þessar breytingar gerðar eftir tillögum milliþinganefndar, er falin hafði verið endurskoðun gildandi laga um þessi mál. Hafa margir dregið í efa, að tillögur nefndarinnar hafi verið til bóta, að minnsta kosti nokkuð af þeim, og vissulega á það langt í land, að þær nái tilætluðum árangri. — En eitt má fullyrða í sambandi við hið nýja kerfi. Það verður þjóðinni mjög dýrt, dýrara en menn

almennt gera sér í hugarlund. Á það má t. d. minna, að nefndin áætlaði, að á næstu 4—6 árum þyrfti að byggja 19 skólahús og fjölga kennurum um 120.

Hið nýja fræðslukerfi gerði meðal annars ráð fyrir því, að gagnfræðadeildin við menntaskólana skyldi lögð niður. Fyrir þessari breytingu eru eigi færð nokkur frambærileg rök. Það verður að telja mjög æskilegt, að nemendur komi snemma í þá skóla, er þeir eiga að dveljast langdvölum í, mótist þar af áhrifum, haldi gamlar erfðavenjur og skapi nýjar. Ræktarþel og hollusta eru jafnan mikils virði, og gætir að vonum mest hjá þeim, er lengi dveljast í sömu stofnun.

Breyting sú, er við flutningsmenn leggjum til, að gerð sé á gildandi fræðslukerfi, nær til menntaskólanna og þó aðeins til Menntaskóla Akureyrar. Aðstöðumunur menntaskólanna er mjög verulegur. Við Menntaskóla Reykjavíkur eru engar heimavistir. Telja verður, að hér í höfuðborginni sé góð aðstaða til gagnfræðanáms, bæði hvað húsnæði og kennslukrafta snertir.

Menntaskóli Akureyrar hefur frá byrjun að nokkru verið heimavistarskóli, rúmar um 50—60 nemendur. Er fjarri því, að húsrúm sé í Gagnfræðaskóla Akureyrar fyrir alla þá, er nú stunda nám í 1. og 2. bekk menntaskólans, en í þeim bekkjum hafa verið 110 nemendur að meðaltali s. l. 5 ár, og þar af um helmingur utan Akureyrar.

Nú er í smíðum veglegt stórhýsi við Menntaskóla Akureyrar. Þar eiga að vera heimavistir fyrir nemendur, og mun það rúma um 150 nemendur. Gert er ráð fyrir að leggja niður heimavistir í skólahúsinu, og skapast þá aðstaða til, með viðráðanlegum kostnaði, að fá nokkrar kennslustofur til viðbótar, þannig að þær geti orðið 16—18 alls.

Undanfarið hefur um helmingur utanbæjarnemenda í 1. og 2. bekk verið í heimavist. Vegna hinnar breyttu aðstöðu má ætla, að framvegis geti flestir utanbæjarnemendur, er þess óska, dvalið í heimavist.

Forráðamönnum Menntaskóla Akureyrar hefur frá byrjun tekizt að halda uppi frábærum aga og reglu í skólanum og yfirleitt skapa þann skólalag, er einstæðum mun vera á þessu landi. Af þessum og fleiri ástæðum er Menntaskóli Akureyrar óskabarn allra þeirra, er þangað hafa sótt bæði fyrr og síðar. Einn af okkar þekktustu skólamönnum, Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi skólameistari, sagði í ræðu 1. des. s. l., að meira væri um vert að bæta menntaskóla vora en fjölga þeim. Það er vissulega eigi spor til að bæta menntaskólana að leggja niður gagnfræðadeildir þeirra, það er spor, sem miðar aftur á bak, en ekki nokkuð á leið.

Eftirfarandi ályktanir bera vott um þá andúð, er það sætir norðanlands að leggja niður gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri:

Bæjarstjórn Akureyrar 6. marz 1948. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á menntamálaráðherra að fresta afnámi gagnfræðadeildar Menntaskólans á Akureyri.

Stúdentafélagið á Akureyri 1. apríl 1948. Stúdentafélagið á Akureyri mótmælir fyrirhugaðri breytingu á gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri og skorar á menntamálaráðherra að heimila stjórn skólans að starfrækja hann fyrst um sinn á sama hátt og verið hefur.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu 8. apríl 1948. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu skorar eindregið á ríkisstjórnina að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeild skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri. — Bendir fundurinn á, að verði gagnfræðadeildin flutt úr Menntaskólanum, eiga utanbæjarnemendur ekki kost á heimavistardvöl á Akureyri, en miklir örðugleikar á húsnæði í bænum og það svo dýrt, að lítt kleift er efnalittum nemendum að standa straum af því.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu telur afar óheppilegt fyrir nágrennishéruð Akureyrar, ef lögð yrði niður gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri. — Leyfir sýslunefndin sér þess vegna að skora á menntamálaráðuneytið að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, er gerir ráð fyrir afnámi gagnfræðadeildarinnar.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, 27. maí 1948. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skorar eindregið á ríkisstjórnina að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeildin skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri. Vill fundurinn benda á, að verði gagnfræðadeildin flutt úr Menntaskólanum, eiga utanbæjarnemendur ekki kost á heimavistardvöl á Akureyri, en vegna aukins kostnaðar, er því væri samfara, mundi efnalítlum utanbæjarnemendum lítt kleift að stunda nám á Akureyri.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu tekur eindregið undir framkomnar áskoranir bæjarstjórnar Akureyrar, sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu o. fl. til kennslumálaráðherra og kennslumálaráðuneytis að fresta að leggja niður gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri, þar sem námsmenn úr Húnavatnssýslu leita nær eingöngu til Menntaskólans á Akureyri til menntaskólánáms, og þá afar mikils virði fyrir þá að geta átt aðgang að heimavist Menntaskólans þar, þar sem því nær ókleift er fyrir þá, eins og nú er, að útvega sér húsnæði á Akureyri.

Kennarafundur Menntaskólans á Akureyri. Kennarafundur í Menntaskólanum á Akureyri, haldinn 13. apríl 1948, leyfir sér hér með að skora á hæstvirt menntamálaráðuneyti að hlutast til um, að frestað verði um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeild skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri.

Fjórðungssamband Norðlendinga 12. sept. 1948. Þingið skorar á Alþingi að gera þá breytingu á núverandi skólalöggjöf, að við Menntaskólann á Akureyri verði starfrækt þriggja ára gagnfræðadeild, svo sem verið hefur. Til vara er lagt til, að við skólann starfi framvegis miðskóladeild, með sama sniði og ráðgerð er þar í vetur. Þingið skorar einnig á alla þingmenn fjórðungsins að beita sér fyrir framgangi málsins á Alþingi.

Kaupfélag Eyfirðinga 20. apríl 1948. Aðalfundur KEA, haldinn á Akureyri 19. og 20. apríl 1948, skorar eindregið á ríkisstjórnina að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeild skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri. Telur fundurinn, að afnám deildarinnar yrði til mikils óhagræðis fyrir Akureyrarbæ og þó einkum nærliggjandi héruð.

Kaupfélag Norður-Þingeyinga. Aðalfundur Kaupfélags Norður-Þingeyinga, haldinn á Kópaskeri dagana 26.—27. apríl 1948, telur, að niðurfelling gagnfræðaeildar við Menntaskólann á Akureyri sé hið mesta tjón fyrir þetta hérað, sem og aðra landshluta, og skorar fastlega á ríkisstjórn að láta deildina starfa áfram, svo sem verið hefur og fresta þar með framkvæmd þess atriðis nýrra fræðslulaga.

Félag ungra Framsóknarmanna í Eyjafjarðarsýslu: ... Enn fremur skorar hann (fundurinn) á menntamálaráðherra að hlutast til um, að gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri verði ekki lögð niður. ...

Sjálfstæðisfélag Akureyrar 18. nóv. 1948. Sjálfstæðisfélagið á Akureyri mótmælir afnámi gagnfræðaeildar Menntaskólans á Akureyri og skorar á þingmann kjördæmisins að beita sér fyrir á yfirstandandi Alþingi, að hinum nýju fræðslulögum verði breytt í það horf, að gagnfræðadeild verði starfrækt við Menntaskólann á Akureyri á sama hátt og verið hefur.